

Leiðbeiningar fyrir fyrstu notkun – WE8 Kaffivél

Control elements



1 Display

2 Multi-function buttons (button function depends on what is shown in the display)

Leiðbeiningar:

- Setjið kaffibaunir í kaffibaunageyminn.
 1. Setjið innstunguna í samband.
 2. Kveikið á vélinni með On/Off takkanum.
- Nú spyr vélin um tungumál. Til þess að fletta í gegnum tungumálamöguleika notið örvarnar á skjánum.
 3. Veljið English eða það tungumál sem á við.
- Nú spyr vélin um Water Hardness, eða á Íslensku Vatnshörku.
 4. Notið örvarnar á skjánum þangað til þið fáið uppgafið „4 dH“ og ýtið á „Save“.
- Næst segir vélin „Use filter“.
- 5. Setjið glas eða ílát undir kaffistúta.
- 6. Fjarlægjið vatnstankinn, setjið vatnsfilterinn í vatnstankinn með því að tilla honum á tilheyrandi stað. Fyllið síðan vatnstankinn af vatni og setjið hann aftur í vélina. **(ATH! skoðið leiðarvísi fyrir nánari upplýsingar)**
- Kaffivélin skynjar þegar filterinn er kominn í vatnstankinn.
- „Use filter/Saved“ kemur fram á skjánum. Í kjölfarið kemur fram „Filter is being rinsed“. Vatn byrjar að renna út um stúta.

- Nú segir skjárin „Empty drip tray“.
7. Fjarlægjið útdraganlegu skúffuna neðst framan á vélinni og tæmið vatn sem er komið í bakkann.
 8. Komið bakkanum fyrir aftur. Vélun mun í framhaldi sýna skilaboðin „System is filling“ og „Machine is rinsing“ á skjánum.
 9. Gefið vélinni smá stund á meðan hún stillir sig af.
 10. Vélun er nú tilbúin til notkunar.

Stillingar á kaffidrykkjunum:

11. Hægt er að stilla hitastig, kaffimagn og styrkleika á hverjum kaffidrykk fyrir sig. Til þess að gera það þarf að fara inn í stillingar.
 1. Til þess að fara inn í stillingar veljið þið „P“ takkann á skjánum. Notið örvarnar til þess að fletta í gegnum skjásíðurnar, þangað til þið finnið möguleika sem heitir „Expert Mode“.
 2. Ýtið á „Expert Mode“ takkann til þess að fara inn í stillingar á kaffidrykkjunum.
 3. Nú getið þið valið þann kaffidrykk sem að þið viljið stilla. Hér getið þið breytt vatnsmagni í bolla, hitastigi og styrkleika.
12. Við mælum með því að fara inn í „Coffee“ og láta breyta hitastiginu á kaffibollanum í „high“.